

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, miðvikudaginn 11. nóvember 2015 á Kjóavöllum.

13. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson og Magnús Benediktsson framkv.stj. Ólafur Blöndal, Ragna Emilsdóttir og Lárus Finnbogason boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Nefndarkvöldið. Skemmtikvöldið var mjög vel heppnað en þangað var boðið félagsmönnum sem starfa í nefndum félagsins ásamt sjálfboðaliðum sem m.a. aðstoðuðu við Íslandsmótin sl. sumar. Um 150 manns mættu.
3. Framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir stöðu mála. Vinna í gangi vegna undirbúnings fyrir aðalfund félagsins og einnig vinna í samstarfi við nefndir vegna undirbúnings fyrir vetrarstarfið. Einnig farið yfir helstu atriði frá formannafundi LH en Linda og Maggi mættu f.h. Sprettis.
4. Félagshesthús. Gengið hefur verið frá samkomulagi við Þórdísi Önnu Gylfadóttur um að halda utanum starfið og stuðning við þau ungmenni sem munu leigja sér pláss í húsinu.
5. Unglingaráð. Ákveðið hefur verið að stofna unglíngaráð Sprettis 16. desember nk. Nokkur undirbúningur hefur átt sér stað með ungum Spretturum vegna þessa.
6. Umsóknir um Landsmót til LH. Ákveðið að undirbúa umsóknir fyrir Landsmót 2020 og 2022. Linda og Maggi undirbúa umsóknir.
7. Áhugamannadeildin. Búið er að ganga frá samningi við RUV vegna þáttagerðar um Áhugamannadeildina. Búið að setja inn frétt vegna þessa á hestamiðlana.
8. Íþróttafólk Sprettis: Rætt um skipulag, Sigurður og Ragna halda utanum verkefnið.
9. Aðalfundur – undirbúningur. Rætt um skipulag vegna fundarins og væntanleg framboð til stjórnarsetu.
10. Lokaútekt hússins: Hermann og Maggi gerðu grein fyrir fundi sem þeir áttu í vikunni með fulltrúa frá JáVerki.
11. Önnur mál:
 - Snjómokstur og sláttur. Nauðsynlegt að ganga frá samkomulagi við bæjarfélögin vegna þessa fyrir veturinn.
 - Æskulýðsbíkar LH. Sprettur fékk afhentan æskulýðsbíkar LH á formannafundinum sl. laugardag. Félagið hefur staðið fyrir mjög svo öflugum æskulýðsstarfi og á æskulýðsnefnd Sprettara hrós skilið fyrir vel unnin störf. Til hamingju Sprettarar.
 - Fyrirmyndarforeldrar. Linda kynnti hugmynd að útgáfu á upplýsingaplakati um fyrirmyndarframkomu sem yrði dreift í hús. Hugmyndin góð og verður skoðuð nánar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir